

Orðanefnd læknafélaganna - 107

Fundur var haldinn mánudaginn 13. maí 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var 107. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gerður Aagot Árnadóttir hafði boðað forföll. Gestur fundarins var Jón G. Snædal, öldrunarlæknir.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 106. fundar (22. apríl 2024), sem hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðanefndarvinnan:

- Amyloidosis.** JHJ lagði fram stuttan orðalista með þeim færslum í Íðorðasafni lækna sem innihalda ensku heitin "amyloid" og "amyloidosis" og hann hafði tekið sérstaklega saman í tengslum við vinnuna með heiti í öldrunarlækningum. Þá hafði komið fram að ástæða væri til að yfirfara færslurnar, bæði með tilliti til endurskoðunar og samræmingar á íslensku heitunum og einnig til endurbóta og uppfærslu á skilgreiningum fyrirbæranna. Lífleg umræða fór fram og ákveðið var að íslenska aðalheitið á "amyloid" yrði "mýlildi" og með fylgdi samheitið "amýlóíð". Heitið "sterkjulíki" væri hins vegar úrelt og mundi verða fellt niður. Á sama hátt yrði aðalheitið á "amyloidosis" "mýlildissjúkdómur" og með því fylgdi samheitið "amýlóíðsjúkdómur". JHJ var falið að uppfæra færslurnar í listanum í samræmi við þetta og senda síðan fundarmönnum til lokayfirlestrar.
- Heiti í öldrunarlækningum.** Haldið var áfram umræðu um heiti í orðalistanum frá University of California San Francisco - Weill Institute for Neurosciences. JHJ lagði fram langan lista með margvíslegum færslum úr Íðorðasafni lækna svarandi til annars hluta orðalistans. Farið var sameiginlega yfir listann og lögð áhersla á að endurskoða íslensku heitin og skilgreiningar eins og fundarmönnum þætti æskilegt og nauðsynlegt. JHJ var falið að færa inn samþykktar breytingar til birtingar í Íðorðasafni lækna í Íðorðabankanum (<https://idord.arnastofnun.is/>)
- Önnur mál** lágu ekki fyrir til umræðu né komu nein fram á fundinum.

Næsti fundur. Gert var ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 3. júní kl. 16:30 og verður fundarherbergi bókað í Eddu þann dag.

Fundinum var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.